

Mosfellsbær
Tómas Guðberg Gíslason
Þverholti 2
270 Mosfellsbær



Reykjavík 21. ágúst 2015
UST201506-223/B.S.
08.15.00

Efni: 2015 - Ofanvatnslausnir í Reykjahverfi við Reykjahvol, Mosfellsbæ. Umsögn

Vísað er til bréfs umhverfisstjóra Mosfellsbæjar dags. 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lagningu fráveitulagna sem grafnar verða í vegstæði Bjargsvegar sem liggur næst Varmá í 5 m fjarlægð.


Framkvæmdin er því innan svæðis nr. 139 á náttúruminjaskrá, Varmá og ber því að tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdina sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.


Hér er um að ræða lagnir sem grafnar verða niður í núverandi veg. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á Varmá þar sem lagnastæði hefur þegar verið raskað.

Við framkvæmdina skal þess gætt að jarðvegur og vatn eða önnur mengun berist ekki í Varmá.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri